

Fundargerð

Samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga -

Jónsmessunefndar

9. desember 2020

Árið 2020, 9. desember kl. 14:00 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi, Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Einnig sátu fundinn: Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Guðrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Tinna Dahl Christiansen sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

- Gestur fundarins undir lið 2: Gissur Pétursson, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu og Þór Hauksson Reykdal, sérfræðingur á skrifstofu barna- og fjölskyldumála í félagsmálaráðuneytinu.
- Gestur fundarins undir lið 3: Gunnar Haraldsson, formaður greiningarhóps um fjármál sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

1. Fundargerðir undirnefnda

Lagðar voru fram til kynningar fundargerðir frá:

- a) Samráðsnefnd um opinber fjármál frá 21. október og 9. nóvember 2020.
- b) Samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um skýra verka- og ábyrgðarskiptingu í opinberri þjónustu frá 16. nóvember 2020.

2. Kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk – staða á nefnd/starfshópi

Gissur Pétursson og Þór Hauksson Reykdal greindu frá því að ekki væri búið að skipa nefnd eða starfshóp, afmarka þyrfti betur erindisbréfið og verkefnið sem slíkt. Það verður gert í samvinnu félagsmálaráðuneytisins og fulltrúa sambandsins. Áætlað er að fara af stað af fullum krafti í janúar og í næstu viku verði kominn rammí um starfshópin frá félagsmálaráðuneytinu.

Niðurstaða:

1. Verkefnaáætlun sem m.a. tekur á greiningu á þróun útgjalda í málefnum fatlaðra verði kynnt Jónsmessunefnd við fyrsta tækifæri.

3. Stöðumat á fjármálum sveitarfélaga – uppfærð staða

Gunnar Haraldsson gerði grein fyrir vinnu starfshópsins og kom fram í mál hans að afkoma sveitarfélaga væri betri en spáð hafði verið í sumar. Skuldasöfnun væri minni og veltufé frá rekstri meira. Útkomuspá sveitarfélaganna rímar vel við spálíkanið með uppfærðum tölum. Samkvæmt útkomuspám sveitarfélaganna verða skuldirnar minni en líkanið gerir ráð fyrir. Líkanið gerir ráð fyrir meira veltufé frá rekstri (0,3 milljörðum). Áætlanir sveitarfélaganna gera nú ráð fyrir að fjárfestingar verði minni en líkanið hafði spáð fyrir (munar þar rúmum 6 milljörðum). Ljóst er að fjárfestingar ársins verða minni en sveitarfélög höfðu áformað á árinu en hluti þeirra mun flytjast fram á næsta ár.

Að kynningu lokinni voru fundarmenn sammála um mikilvægi vinnu starfshópsins og að það væri nauðsynlegt að taka stöðuna reglulega. Þá er þarft að unnið verði yfirlit yfir lánsfjárbörf sveitarfélaga á næstu árum og meta þannig eftirspurn eftir lánsfé hjá hinu opinbera (fela þar undir bæði A og B-hlutann). Einnig kom til tals að samstarfsnefnd fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans um lánamál myndi horfa víðar yfir sviðið þar sem tekin yrði heildarmyndin en ekki bara hvernig á að fjármagna ríkissjóð. Aðilar sambandsins gætu einnig komið þar að borði í samtalsformi. Nánara samstarf ríkis og sveitarfélaga um lánsfjármögnun, með aðkomu Seðlabankans.

Niðurstaða:

1. Fela samstarfsnefnd um opinber fjármál að uppfæra gögn um þróun fjármála ríkis og sveitarfélaga.
2. Óska eftir því að samráðsnefnd um opinber fjármál vinni yfirlit yfir lánsfjárbörf ríkis og sveitarfélaga, sem verði kynnt Jónsmessunefnd við fyrsta tækifæri.
3. Lánanefnd fjármálaráðuneytis og Seðlabanka myndi einnig horfa til lánsfjárþarfar sveitarfélaga.

4. Staða á framkvæmd þingályktunartillögunnar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga

a) Frumvarp um lágmarksíbúafjölda

Greint var frá því að frumvarpið væri ekki á dagskrá þingsins fyrir júl.

b) Endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga og endurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lögð voru fram drög að verkefnalýsingu fyrir verkefnin sameiginlega, lagt er til að skipuð verði nefnd um endurskoðunina og að á vegum hennar starfi tveir starfshópar sérfræðinga annars vegar er snýr að tekjustofnum sveitarfélaga almennt og hins vegar Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Fundarmenn voru ánægðir með drögin og var sammælt um að fara í þessa vegferð og vinna þetta betur. Fundarmenn voru beðnir um að fara yfir drögin að fundi loknum og koma með ábendingar og tillögur.

Niðurstaða:

1. Unnin verði ný drög sem taki mið af athugasemdum nefndarmanna.

5. Önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar hefur ekki verið ákveðinn.

Fundi var slitið kl. 15:10.

-TDC-